

Nr. 006 / 15 Dettifoss***Skipverji slasast***

IMO.nr. 9086801
Smíðaður: Frederikshavn Danmark 1995, stál
Stærð: 14.664 BT
Mesta lengd: 165,60 m
Breidd: 28,60 m Dýpt: 8,95 m
Vél: MAN B&W 7S60MC 14.800 kW, 1995
Fjöldi skipverja: 13



Dettifoss ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Slysaskýrsla frá skipi
Ljósrit úr leiðarbók
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 15. júní 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 28. desember 2014 var Dettifoss við bryggju í Reykjavík. Veður: SA 16–20 m/sek.

Skipverji var við vinnu á þilfari þegar hann rak höfuðið í sjóbúningspall með þeim afleiðingum að framtönn brotnaði.

Við rannsókn kom fram:

- að um var að ræða pall sem hafði bagnað og skemmst þegar skipið missti út gáma nokkrum dögum áður;
- að öryggishjálmur skipverjans lenti í pallinum;
- að búið er að gera við og rétta sjóbúningspallinn.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.